

## ÁKVÖRDUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR

2010/EES/6/21

frá 6. mars 2007

um breytingu á ákvörðunum 94/741/EB og 97/622/EB að því er varðar spurningalista fyrir skýrslu um framkvæmd tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2006/12/EB um úrgang og um framkvæmd tilskipunar ráðsins 91/689/EBE um hættulegan úrgang (\*)

(tilkynnt með númeri C(2007) 634)

(2007/151/EB)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,

- 3) Í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 2150/2002 frá 25. nóvember 2002 um hagskýrslur um úrgang<sup>(5)</sup> er settur rammi um gerð hagskýrslna Bandalagsins um myndun, endurnýtingu og förgun úrgangs.

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2006/12/EB frá 5. apríl 2006 um úrgang<sup>(1)</sup>, einkum 1. mgr. 16. gr.,

með hliðsjón af tilskipun ráðsins 91/689/EBE frá 12. desember 1991 um hættulegan úrgang<sup>(2)</sup>, einkum 1. mgr. 1. gr.,

- 4) Endurskoðun upplýsingaskyldu vegna gagna um úrgang, sem mælt er fyrir um í löggjöf Bandalagsins, hefur leitt í ljós að tiltekna kvaðir varðandi upplýsingar, sem mælt er fyrir um í ákvörðunum 94/741/EB og 97/622/EB, falla einnig undir reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 2150/2002 eða reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1013/2006 frá 14. júní 2006 um tilflutning úrgangs<sup>(6)</sup>.

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Skýrslan um framkvæmd tilskipunar 2006/12/EB skal samin á grundvelli spurningalistans sem er settur fram með ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 94/741/EB frá 24. október 1994 um spurningalista varðandi skýrslur aðildarríkjanna um framkvæmd tiltekinna tilskipana um úrgang (framkvæmd tilskipunar ráðsins 91/692/EBE)<sup>(3)</sup>.
- 2) Skýrslan um framkvæmd tilskipunar 91/689/EBE skal samin á grundvelli spurningalistans sem er settur fram með ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 97/622/EB frá 27. maí 1997 um spurningalista varðandi skýrslur aðildarríkjanna um framkvæmd tiltekinna tilskipana um úrgang (framkvæmd tilskipunar ráðsins 91/692/EBE)<sup>(4)</sup>.

- 5) Til að komast hjá tvíverknaði og óþörfum stjórnsýslukröfum skal fella kvöð um skýrslugjöf varðandi „hættulegan úrgang“ og „annan úrgang“ brott úr ákvörðun 94/741/EB. Enn fremur ætti hugtakið „heimilisúrgangur og svipaður úrgangur“ að koma í stað hugtaksins „heimilisúrgangur“ til að laga ákvörðun 94/741/EB að reglugerð (EB) nr. 2150/2002.

(\*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 67, 7.3.2007, bls. 7. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 168/2007 frá 7. desember 2007 um breytingu á XX. viðauka (Umhverfismál) við EES-samninginn, sjá EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 26, 8.5.2008, p. 29.

<sup>(1)</sup> Stjtið. ESB L 114, 27.4.2006, bls. 9.

<sup>(2)</sup> Stjtið. EB L 377, 31.12.1991, bls. 20. Tilskipuninni var síðast breytt með reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 166/2006 (Stjtið. ESB L 33, 4.2.2006, bls. 1).

<sup>(3)</sup> Stjtið. EB L 296, 17.11.1994, bls. 42.

<sup>(4)</sup> Stjtið. EB L 256, 19.9.1997, bls. 13.

<sup>(5)</sup> Stjtið. EB L 332, 9.12.2002, bls. 1. Reglugerðinni var síðast breytt með reglugerð (EB) nr. 1893/2006 (Stjtið. ESB L 393, 30.12.2006, bls. 1).

<sup>(6)</sup> Stjtið. ESB L 190, 12.7.2006, bls. 1.

- 6) Til samræmis við það ber að fella kvöð um skýrslugjöf um hættulegan úrgang brott úr ákvörðun 97/622/EB.
- 7) Því skal breyta ákvörðunum 94/741/EB og 97/622/EB til samræmis við það.
- 8) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari ákvörðun, eru í samræmi við álit nefndarinnar sem komið var á fót skv. 18. gr. tilskipunar 2006/12/EB.

## SAMÞYKKT ÁKVÖRÐUN ÞESSA:

*1. gr.*

Ákvörðun 94/741/EB skal breytt í samræmi við viðaukann við þessa ákvörðun.

*2. gr.*

Ákvörðun 97/622/EB skal breytt í samræmi við viðaukann við þessa ákvörðun.

*3. gr.*

Ákvörðun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 6. mars 2007.

*Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,*

Stavros DIMAS

*framkvæmdastjóri.*

## VIÐAUKI

**Breytingar á ákvörðunum 94/741/EBE og 97/622/EB**

A. Í viðaukanum við ákvörðun 94/741/EB er öðrum spurningalistanum breytt sem hér segir:

1. Í stað fyrirsagnar spurningalistans komi eftirfarandi:

„SPURNINGALISTI

fyrir skýrslu aðildarríkjanna um lögleiðingu og framkvæmd tilskípunar 2006/12/EB“.

2. Í stað 4. liðar í II. þætti spurningalistans komi eftirfarandi:

„4. Veitið, í samræmi við 1. mgr. 7. gr., eftirfarandi upplýsingar, liggi þær fyrir, og tilgreinið hvort einhverjar af uppgöfnum tölum eru áætlaðar:

	Heimilisúrgangur og svipaður úrgangur (tonn á ári)
Heildarmagn úrgangs sem til fellur (*), þar af:	
endurunninn (*)	
brenndur (*)	
brenndur, með endurnýtingu orku (*)	
urðaður (*)	
annar, tilgreinið (*)	
(*) Í aðildarríkinu“	

B. Í viðaukanum við ákvörðun 97/622/EB er d-liður 11. liðar í II. þætti í fyrsta spurningalistanum felldur brott.